



# Félagsráðgjafafélag Íslands

## Starfsáætlun 2026-2027

### Hlutverk

Fjallað er um hlutverk og tilgang í 2. gr. laga félagsins en um hlutverk þess segir:  
Félagsráðgjafafélag Íslands er fag- og stéttarfélag félagsráðgjafa á Íslandi. Hlutverk félagsins er að stuðla að samstöðu meðal félagsráðgjafa og standa vörð um hagsmuni þeirra, stuðla að auknum félagslegum jöfnuði og vinna gegn fordómum og félagslegu óréttlæti í íslensku samfélagi með eflingu félagsráðgjafar sem fagstéttar.

### Gildi

Gildi félagsins voru ákvörðuð á starfsdegi stjórnar árið 2013 og standast tímanns tönn, þau eru: Fagvitund – Framsækni – Frumkvæði

### Meginmarkmið

- Að bæta kjör og starfsaðstæður félagsfólks Félagsráðgjafafélags Íslands.
- Að stuðla að auknum félagslegum jöfnuði og vinna gegn fordómum og félagslegu óréttlæti í íslensku samfélagi með eflingu félagsráðgjafar sem fagstéttar.

### Föst verkefni

Í því skyni að vinna að meginmarkmiðum félagsins eru ýmiss viðvarandi verkefni sem starfsmenn skrifstofu félagsins sinna öðrum fremur.

### Kjaramál

- Félagsráðgjafafélag Íslands er með samningsumboð fyrir hönd félagsráðgjafa sem starfa hjá sveitarfélögum, ríki, samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu og á almennum markaði.
- Félagsráðgjafafélag Íslands er eitt aðildarféлага Bandalags Háskólamanna (BHM) og njóta kjarafélagar þeirra réttinda sem sjóðir BHM veita.
- Félagið hefur frumkvæði að réttinda- og hagsmunabaráttu félagsráðgjafa.

- Félagið veitir félagsfólki margvíslega þjónustu og upplýsingar um réttindi þeirra. Það er gert m.a. með heimasíðu, samfélagsmiðlum, tölvusamskiptum og símaþjónustu.

## Hagsmunagæsla

- Félagið er fagfélag félagsráðgjafa á Íslandi og stendur fyrir margvíslegum verkefnum til að sinna því hlutverki.
- Félagsráðgjafar sem eru í öðru stéttarfélagi geta sótt um að vera með fagaðild og teljast þeir fullgildir aðilar að FÍ.
- Félagið tekur virkan þátt í stefnumótandi umræðu og ákvörðum aðildarfélaga BHM sem fara fram á formannaráðsfundum bandalagsins.
- Félagið tekur þátt í aðalfundi BHM sem haldin er í maí ár hvert.
- Félagið fylgist með stjórnvöldum og gerir umsagnir um lagafrumvörp og önnur þingmál, drög að reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.
- Félagið sinnir eftirfylgni gagnvart stjórnvöldum um hagsmunamál félagsins, m.a. á grundvelli umsagna.
- Félagið vekur athygli á Alþjóðadegi félagsráðgjafa sem er þriðja þriðjudag í mars ár hvert, t.d. með greinaskrifum og/eða viðburði.
- Félagið vekur athygli á Alþjóða geðheilbrigðisdeginum 10. október og Alþjóðadegi gegn fátækt 17. október, m.a. í gegnum samfélagsmiðla félagsins.
- Félagið vekur athygli á Alþjóða mannréttindadeginum 10. desember í tengslum við aðventufund félagsins.
- Félagið vekur athygli á greinaskrifum og viðtölum við félagsráðgjafa, m.a. í gegnum samfélagsmiðla félagsins.

## Fagþróun

- Félagið hvetur til stofnunar fag- og landshlutadeilda sem starfa innan félagsins.
- Skrifstofa félagsins veitir hvatningu og stuðning við nefndir og deildir félagsins vegna fræðslufunda, námskeiða og annarra viðburða sem þær standa að fyrir félagsráðgjafa.
- Skrifstofa félagsins sinnir undirbúningi fyrir árlegan fund stjórnar með nefndum og deildum félagsins í október/nóvember.
- Félagið stendur fyrir árlegum viðburði tengdum mannréttindadeginum 10. desember í samstarfi við fagdeildir og mögulega fleiri viðburðum svo sem í tengslum við Alþjóðadag félagsráðgjafa í mars.
- Tímarit félagsráðgjafa er gefið út af félaginu á vormánuðum ár hvert.

## Samstarf

- Reglubundnir fundir starfsfólks FÍ með deildarforseta félagsráðgjafardeildar HÍ til að ræða sameiginleg málefni og efla samstarf.
- Samstarf við Félagssráðgjafardeild HÍ og Ís-forsa vegna undirbúning árslegs Félagssráðgjafarþings.

## Fjármál

- Umsýsla með fjármál félagsins liggur hjá starfsfólki FÍ.
- Eftirlit með fjárreiðum félagsins er í höndum starfsfólks og stjórnar.
- Undirbúningur ársreikninga og fjárhagsáætlunar sem lögð er fyrir aðalfund.

### Erlent samstarf

Félagssráðgjafafélag Íslands er aðili að NSSK sem er norrænt samstarf félagsráðgjafafélaga og fundar hópurinn tvisvar á ári.

Félagssráðgjafafélag Íslands er aðili að Evrópusamtökum félagsráðgjafa sem heldur ráðstefnu annað hvert ár og fundar árlega.

Félagssráðgjafafélag Íslands er aðili að Alþjóðasamtökum félagsráðgjafa sem heldur ráðstefnu annað hvert ár og fundar í tengslum við ráðstefnuna.

### Nefndarstörf starfsfólks félagsins

- Formaður er fulltrúi BHM í Velferðarvaktinni.
- Formaður er fulltrúi BHM í stjórn Menntasjóðs námsmanna.
- Formaður situr í kjaranefnd BHM
- Formaður situr í stjórn Styrktarsjóðs BHM
- Formaður er varamaður ritara Húsfélags BHM sf.

### Aðrir fulltrúar FÍ í nefndum og ráðum

- Sigurlaug H. S. Traustadóttir situr í stjórn Orlofssjóðs BHM
- Sírý Sif Sigurlaugardóttir er fulltrúi FÍ í Öldrunarráði Íslands
- Valgerður Halldórsdóttir situr í stjórn BHM

## Fastir viðburðir

- Félagssráðgjafarþing í febrúar, tengt afmæli félagsins 19. febrúar.
- Aðalfundur í mars/apríl þar sem lagðir eru fram ársreikningar félagsins, fjárhagsáætlun stjórnar, starfsáætlun stjórnar og skýrsla stjórnar og nefnda.
- Móttaka fyrir útskriftarnema með MA til starfsréttinda í félagssráðgjöf í júní.
- Morgunverðarfundur í tilefni af mannréttindadeginum 10. desember.
- Móttaka fyrir síunga félagsráðgjafa í desember.

## Fastanefndir og ritstjórn

Á vegum félagsins starfa tvær fastanefndir og ritstjórn:

- Siðanefnd – hlutverk nefndarinnar er að greiða fyrir og halda lifandi umræðu um siðfræði innan félagsins.
- Vísindanefnd – hlutverk nefndarinnar er að greiða fyrir og halda lifandi umræðu um rannsóknir innan félagsins.
- Ritstjórn – hlutverk ritstjórnar er að meta gæði alls innsends efnis í Tímarit félagsráðgjafa og ákveða hvað skuli birt í tímaritinu.

## Áhersluatriði 2026-2027

**Innra starf:** Áfram verður lögð áhersla á að bjóða upp á rafræna fundi jafnt og staðfundi, auk þess sem leitað verður leiða til aukinnar vefrænnar þróunar í starfsemi félagsins. Skrifstofa FÍ er að Borgartúni 27, 2. hæð þar sem starfsfólk FÍ er með aðstöðu í opnu rými ásamt starfsfólki níu annarra stéttarfélaganna. Auk þess eru fjögur fundarherbergi til fundarhalda, minni viðburða og til að taka á mótí félagsfólki. Ný aðstaða styður við teymisvinnu og samstarf þvert á stéttarfélögum sem hefur jákvæð áhrif á innra starf félagsins. Á starfsárinu verða áfram skoðaðar leiðir til að auka samstarf við þau stéttarfélög sem deila sameiginlegri aðstöðu.

**Miðlun:** Lögð verður áhersla á að nýta fjölbreytta miðla sem vinna saman að því að efla sýnileika félagsins og félagsráðgjafar, miðla upplýsingum og styrkja rödd félagsins og fagsins í samfélaginu.

- **Vefsíða** – megingátt fyrir fréttir, viðburði, umsagnir og varanlegt efni.
- **Samfélagsmiðlar** – hraðvirk miðlun, aukinn sýnileiki og tenging við félagsfólk og almenning.
- **Tímarit FÍ** – faglegur vettvangur fyrir greinar, rannsóknir, viðtöl og dýpri umfjöllun.
- **Hlaðvarp og myndmiðlun** – lifandi miðill sem tengir saman tímarit, vefsíðu og samfélagsmiðla.
- **Fréttabréf** – bein upplýsingaleið til félagsfólks.
- **Fjölmiðlar** – leið til að koma sjónarmiðum félagsins á framfæri í opinberri umræðu.

Miðlarnir styðja hver annan. Efni getur birst í tímariti, farið í hlaðvarp, verið kynnt á samfélagsmiðlum og varðveitt á vefsíðu. Þannig nær boðskapurinn lengra og sterkari áhrif skapast.

**Gæðaviðmið** - Allt efni sem birt er í nafni Félagsráðgjafafélag Íslands skal einkennast af fagmennsku, trúverðugleika, vönduðum vinnubrögðum og skýrri framsetningu. Þannig byggir félagið upp sterka og trausta ímynd.

**Stefnumótun:** Unnið verður með niðurstöður stefnumótunardags FÍ sem var haldin 11. september 2025 þar sem 80 þátttakendur ræddu í 11 hópum um áskoranir og tækifæri í faginu. Niðurstöður komu fram í þremur meginviddum: **Endurskoðun menntunarkerfis** með áherslu á fjarnám, sérhæfingu og tengsl við starfsvettvang; **Stafræn umbreyting** í miðlun, þjónustu og starfi félagsins og; **Efling faglegrar stöðu** með áherslu á sýnileika, sérfræðipækkingu og áhrif á stefnumótun stjórnvalda. Niðurstöðurnar gefa stjórn FÍ mikilvæg skilaboð frá grasrótinni sem nýttust á liðnu starfsári og mun stjórn forgangsraða fyrir framkvæmdaáætlun komandi starfsárs 2026-2027.

**Kjarasamningar:** Kjarasamningar voru gerðir við ríki, sveitafélög og Reykjavíkurborg, Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu og Samtök atvinnulífsins í lok árs 2024 og á árinu 2025. Samningar eru til fjögurra ára og gilda til 31. mars 2028 og á tímabilinu verður unnið með bókanir kjarasamninga, svo sem um vinnuumhverfi og bakvaktir.

**Stofnanasamningar:** Á starfsárinu verður áfram unnið að endurskoðun stofnanasamninga í samræmi við bókanir í kjarasamningum.

**Starfsmat:** Vinna við starfsmat hjá Reykjavíkurborg og sveitarfélögum er viðvarandi verkefni og á starfsárinu verður unnið í samræmi við bókun í kjarasamningum auk eftirfylgni vegna mats á nýjum störfum og endurmati fyrirbyggjandi starfa eftir atvikum.

**Erlent samstarf:** Finnland er með formennsku NSSK samtakana og mun formaður FÍ sækja fund í Helsinki í haust. Svíþjóð tekur við formennsku í byrjun árs 2027 til loka árs 2028. Alþjóðaráðstefna félagsráðgjafa verður haldin í Nairobi Kenja dagana 26-29 júní 2026 en aðildarfélög hittast dagana 23-24 júní og munu formaður og framkvæmdastjóri FÍ taka þátt.

**Fagþróun:** Leitað verður leiða til að efla fagdeildir og landshlutadeildir auk þess að vinna að ímynd félagsráðgjafar. Mikil ánægja var með umræðustofur fagdeilda á Félagsráðgjafafingi 2026 og ástæða til að hafa svipað fyrirkomulag á Félagsráðgjafafingi 2027. Fagråd fagdeilda munu áfram koma að umsögnum vegna frumvarpa og stefnumála stjórnvalda auk funda með stjórnvöldum eftir því sem við á. Leitað verður eftir viðræðum við Heilbrigðisráðuneyti og Sjúkratryggingar Íslands vegna endurgreiðslu á þjónustu félagsráðgjafa. Áfram verður unnið að endurskoðun reglugerðar vegna sérfræðileyfis í félagsráðgjöf. Þá verður áframhaldandi stuðningur við innleiðingu Signs of Safety í barnaverndarstarfi með þátttöku formanns FÍ í stýrihópi verkefnisins og kynningu á verkefninu.

**Vinnuumhverfi:** Unnið verður með niðurstöður vinnusmiðju sem haldin var í tengslum við Alþjóðadag félagsráðgjafar 17. mars 2026 var rætt um áskoranir í starfi félagsráðgjafa vegna nýs verklags, kerfisbreytinga og stafrænnar þróunar. Alls voru 49 þátttakendur og umræður í átta hópum, þar af einum rafrænum. Niðurstöður sýndu að álag á félagsráðgjafa er of mikið. Of mikill málafjöldi og of lítil mönnun, ásamt ófullnægjandi handleiðslu og umfangsmikilli

skriffinnsku sem veldur því að streita og kulnun verður kerfislæg. Afleiðingar koma fram í þjónustunni þar sem viðkvæmir hópar falla á milli kerfa. Niðurstöðurnar gefa stjórn FÍ mikilvæg skilaboð frá grasrótinni og mun stjórn rýna niðurstöðurnar og forgangsraða í framkvæmdaáætlun fyrir starfsárið 2026-2027.